



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 11. mars 2015.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um umferðarljósamerkingar á matvæli, 58. mál, þingmannatillaga.

Við er til tölvubréfs Alþingis frá 10. nóvember sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um umferðarljósamerkingar á matvæli, 58. mál á 144. löggjafarþingi.

Í tillögunni felst að Alþingi feli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hefja vinnu við undirbúning að upptöku næringarmerkis á héraðsmatvöru. Merkið verði að breskri fyrirmynd í formi umferðarljósa sem sýni næringargildi matvæla í lit. Í greinargerð er á það bent að skiljanlegar og aðgengilegar upplýsingar um næringargildi matvæla séu afar mikilvægar fyrir neytendur og geti auðveldað þeim að taka upplýsta ákvörðun. Þær merkingar sem nú sé skylt að setja á umbúðir geti verið illskiljanlegar fyrir marga auk þess sem í þeim felist gjarnan villandi fullyrðingar um hollustu matvæla. Á það er bent í greinargerðinni að sambærilegar merkingar hafi byrjað í Bretlandi árið 2006 en mætt mikilli andstöðu. Jafnframt er í greinargerð bent á aðrar merkingar eins og Skráargatið, sem innleitt hefur verið hér á landi.

LÍ tekur undir mikilvægi þess að auðvelda neytendum að gera sér grein fyrir næringargildi í matvælum og þannig gera neytendum betur kleift að velja hollari kosti fram yfir óhollari. LÍ tekur þó undir ábendingar í umsögn frá embætti landlæknis frá 25. nóvember 2014 um að miðað við núverandi stöðu mála sé skynsamlegra að styðja við innleiðingu Skráargatsins.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.